

Nd.

149. Frumvarp til laga

[89. mál]

um breyting á lögum um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl., nr. 30 25. maí 1960.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965.)

1. gr.

10. gr. laga nr. 30 1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, hljóði svo: Innheimta má af gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfum allt að 0.5% leyfisgjald af leyfisfjárhæðinni. Enn fremur má innheimta allt að 0.5% gjald af allri gjaldeyrisölu bankanna. Tekjum af gjöldum þessum skal varið til greiðslu á kostnaði við úthlutun leyfa og til greiðslu á kostnaði við verðlagseftirlitið, eftir nánari ákvörðun viðskiptamálaráðherra. Að öðru leyti renna tekjur þessar í ríkissjóð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í gildandi lögum um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl. er heimild til þess, að innheimt sé allt að 1% leyfisgjald af gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfum. Skal tekjum af gjaldi þessu varið til greiðslu kostnaðar við úthlutun leyfa og kostnaðar við verðlagseftirlit. Heimild þessi hefur ekki verið notuð til þess að innheimta nema 0.5% leyfisgjald. Á s. l. ári námu tekjur af þessum leyfisgjöldum um 6.9 milljónum króna. Til greiðslu á kostnaði við leyfaúthlutun var varið um 3.3 milljónum króna og til greiðslu á kostnaði við verðlagseftirlit um 3.6 milljónum króna.

Á undanförnum árum hefur innflutningur á æ fleiri vörutegundum verið gefinn frjáls. Leyfisgjald hefur því verið innheimt af minnkandi hluta gjaldeyrisöluunnar. Í þessu frumvarpi er lagt til, að lögfest verði, að leyfisgjald megi vera áfram allt að 0.5% af leyfisfjárhæð eins og það hefur verið í reynd. Enn fremur er heimilað að innheimta gjald af allri gjaldeyrisölu bankanna, 0.5%, og skal tekjum af því gjaldi varið eins og tekjum af leyfisgjaldinu, þ. e. til greiðslu á kostnaði við úthlutun leyfa og við verðlagseftirlit, eftir nánari ákvörðun viðskiptamálaráðherra. Að öðru leyti skulu tekjur þessar renna í ríkissjóð. Ef heimild frumvarps þessa verður notuð að fullu, má áætla tekjur af þessu nýja gjaldi um 35 millj. kr. á næsta ári.